

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og **47**
fyr greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun. 27. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Fjáraukalög

48
27. júní

fyrir árin 1920 og 1921.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast
1237482 kr. 73 a., til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

til viðbótar við 10. gr. fjarlaganna (til ráðuneytisins) veitast 6000 kr.
Dýrtíðaruppbætur til ráðherranna, 2000 kr. til hvers kr. 6000,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjarlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast
2000 kr.

Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót

fyrir 1920 kr. 2000,00

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 205960 kr.

1. Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar kr. 55000,00
2. Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilstaða.
3. Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Guðmanns Mínde á Akureyri — 20000,00
4. Kostnaður af millipínganefnd um varnir gegn berklaveiki . . — 12000,00
5. Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur, til hjúkrunarnáms í New-York — 1000,00
6. Til varnarráðstafana vegna kvefpestar — 90000,00
7. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar — 3000,00
8. Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum — 18000,00
9. Til Neshrepps í Norðfirði, endurgreiðsla á lækniskaupi 1920 — 460,00
10. Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur — 2500,00
11. Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa — 2500,00
12. Til Magnúsar Einarsonar dýralæknis, utanfararstyrkur . . — 1500,00

Samtals kr. 205960,00

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 310900 kr.

1. Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram $\frac{1}{3}$ kostnaðar kr. 7000,00
 2. Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting) — 300,00
 3. Til dragferju á Hjeraðsvötnum (Par af 300 kr. endurveiting fyrir 1919) — 700,00
 4. Til Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting) — 6000,00
 5. Til Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting) — 1000,00
 6. Viðbótaskyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið — 22000,00
 7. Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land — 80000,00
 8. Aukafjarveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921 — 3000,00
 9. Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kaupúnanna í Árnes-sýslu, alt að $\frac{1}{3}$ flutningskostnaðar — 5000,00
- Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.

Flyt kr. 133000,00

Flutt kr. 133000,00 48

27. júní

- | | | |
|---|---|----------|
| 10. Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að $\frac{1}{3}$ flutningskostnaðar | — | 8000,00 |
| 11. Til bátaferða á Hvalfirði | — | 1000,00 |
| 12. Til mótorbátsferða frá Hornafirði norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss | — | 8000,00 |
| Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skafafellssýslu. | | |
| 13. Til mótorbátsferða milli Grímseyjar og lands árið 1921, alt að Styrkurinn veitist eftir tillögum sýslunefndanna í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum. | — | 1000,00 |
| 14. Til mannflutningaferða milli Borgarness og Reykjavíkur á hentugum tímum, alt að | — | 2500,00 |
| 15. Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921, alt að | — | 60000,00 |
| Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá 3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan. | | |
| 16. Til að kaupa símsstöðvarhús í Vestmannaeyjum | — | 50000,00 |
| 17. Til endurbyggingar vitanna í Sandgerði | — | 10000,00 |
| 18. Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp | — | 20000,00 |
| 19. Til breytingar og aðgerðar á Elliðaeyjarvita. | — | 25000,00 |
| 20. Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins | — | 400,00 |

Samtals kr. 310900,00

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 110153 kr. 24 a.

- | | | |
|---|-----|----------|
| 1. Til húsaabóta á prestssetrinu Útskálum | kr. | 8000,00 |
| 2. Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík | — | 8000,00 |
| Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign. | | |
| 3. Dýrtíðarbætur til háskólaritara | — | 600,00 |
| 4. Til líkhúss handa háskólanum | — | 4000,00 |
| 5. Til utanfarar rektors mentaskólans | — | 2500,00 |
| 6. Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921 | — | 3000,00 |
| 7. Kostnaður við starf mentamálanefndar | — | 10000,00 |
| 8. Aðgerð og málning mentaskólans | — | 25500,00 |

Flyt kr. 61600,00

48			Flutt kr. 61600,00
27. júní	9.	Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920	— 3000,00
	10.	Þóknun til Svbj. Egilssonar fyrir fyrirlestrahald við Stýri- mannaskólann	— 300,00
	11.	Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	— 3000,00
	12.	Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	— 3600,00
	13.	Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal, með hjáleigunni Hofi, og umbætur á bústofni þar	— 19703,24
	14.	Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	— 1200,00
	15.	Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði . .	— 2000,00
	16.	Til unglingaskólans í Hjarðarholti	— 3000,00
	17.	Til Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur	— 3000,00
	18.	Til Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur	— 5450,00
	19.	Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	— 1500,00
	20.	Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá	— 1000,00
	21.	Til Páls Erlingssonar sundkennara, í viðurkenningarskyni . .	— 1800,00
		Samtals kr. 110153,24	

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 107490 kr. 52 a.

1.	Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr. 4500,00
2.	Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	— 1600,00
3.	Styrkur handa sama manni til að sækja fund norræna sagnfræðinga í Kristíaníu	— 1200,00
4.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni	— 2500,00
5.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni . .	— 400,00
6.	Styrkur til kvenrjettindafjelagsins, til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	— 2500,00
7.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	— 1500,00
8.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	— 50000,00
9.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara, í viðurkenningarskyni . .	— 2000,00
10.	Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann	— 23065,19

Flyt kr. 89265,19

	Flutt kr.	89265,19	48
11. Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust . . .	—	2500,00	27. júní
12. Til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Endurgreiðsla á prentkostnaði	—	725,33	
13. Til sama, dýrtíðaruppbót	—	3000,00	
14. Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (loka- veiting)	—	2000,00	
15. Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting)	—	1500,00	
16. Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til fram- haldssnáms	—	2000,00	
17. Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjáns- dóttur til fullnaðarnáms	—	2000,00	
18. Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi ..	—	2000,00	
19. Til Ásmundar Sveinssonar, námsstyrkur	—	1000,00	
20. Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara	—	1500,00	

Samtals kr. 107490,52

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 251972 kr. 40 a.

1. Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullar- matserindum	kr.	1000,00
2. Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði	—	6000,00
3. Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar	—	2500,00
4. Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921	—	7719,90
5. Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar	—	20000,00
6. Til Einaris Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920	—	440,00
7. Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands	—	56000,00
8. Til skógræktar (eftingjöf á láni)	—	5000,00
9. Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting) ..	—	1000,00
10. Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík	—	2000,00
11. Fyrir mulningsvjel	—	1000,00
12. Til Skeiðaáveitunnar, ¼ kostnaðar	—	29000,00
13. Til erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári	—	40000,00
14. Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsár fossanna, alt að	—	5000,00
þó ekki yfir helming kostnaðar.		
15. Til bryggjugarðar á Akranesi, þó ekki yfir 1/3 kostnaðar ..	—	8000,00

Flyt kr. 184659,90

48

27. júní

Flutt kr. 184659,90

Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akranes-
hrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota. Verkið
sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og
með eftirliti af hennar hálfu.

16. Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921	—	8312,50
17. Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að	—	19000,00
18. Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunarskipinu „Þór“ frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að	—	40000,00

 Samtals kr. 251972,40

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast
20006 kr. 57 a.

1. Til Sigurðar Jónssonar fyrirv. atvinnumálaráðherra	kr.	12619,90
2. Uppbót á eftirlaunum frá Sigríðar Hjaltadóttur	—	900,00
3. Uppbót á eftirlaunum frá Ingileifar Aðils	—	500,00
4. Uppbót á eftirlaunum prestsekkjunnar Ingibjargar Sigurðar- dóttur	—	240,00
5. Eftirlaun handa frá Guðrúnu Runólfsdóttur, ekkju sr. Matt- híasar Jochumssonar, 2000 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum	—	4746,67
6. Til Kristínar Grímsdóttur, helmingur af styrk þeim, sem syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var veittur í 62. lið 15. gr. nú- gildandi fjárlaga	—	1000,00

 Samtals kr. 20006,57

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 223000 kr.

1. Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar kon- ungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar	kr.	200000,00
2. Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín	—	500,00
3. Styrkur til Ara sýslumanns og bæjarfógeta Arndals, 9500 krónur, Sigvalda hjeraðslæknis Kaldalóns, 8000 krónur, og Kristjáns hjeraðslæknis Kristjánssonar, 5000 krónur, til þess að leita sjer heilsubótar	—	22500,00

 Samtals kr. 223000,00

Stjórninni er heimilt

1. að ábyrgjast nauðsynleg rekstrarlán handa Landsbankanum.
2. að ábyrgjast alt að 325 þúsund kr. viðbótarlán fyrir Reykjavíkurkaupstað til raforkuveitunnar.
3. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 60000 krónum, til þess að reisa þar íbúðarhús, þó ekki yfir $\frac{1}{2}$ hluta alls byggingarkostnaðar gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 40 ára og ávaxtast með 6%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.
4. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjærað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
5. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Hegustaðafjalli, og að taka alt að 70000 kr. lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árléga.
6. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að taka fyrir hönd bæjarsjóðs Vestmannaeyja til að greiða rekstrarkostnað björgunarskipsins „Þórs“ árið 1920.
7. að verja fje til að leggja slitlag úr efniinu „Terrazzo“ á gólfín í listasafnhúsi Einarssonar, í safnahúsi ríkisins og öðrum opinberum byggingum, eftir því sem þörf krefur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.